

Eydís Þ. Indriðadóttir

From: Bragi Bjarnason <bragi@arborg.is>
Sent: föstudagur, 6. nóvember 2020 15:20
To: Eydís Þ. Indriðadóttir
Subject: Drög að samkomulögum
Attachments: Samkomulag um aðgang að sundstöðum Árborgar - drög 2020.docx; upplýsingamiðstöð samningur milli árborg og flóa - drög 2020-2022.docx

Importance: High

Sæl Eydís

Meðfylgjandi eru drög að samkomulögum sem við erum að vinna með eftir athugasemdir frá ráðuneytinu.

Endilega kíktu yfir og getum farið betur yfir ef við náum hitting í næstu viku á Teams.

kveðja og góða helgi ☺



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Bragi Bjarnason
Deildastjóri fristunda- og menningardeildar
Póstur: bragi@arborg.is
Sími: +354 480 1900
Gsm: +354 861 7407

Ráðhús Árborgar / Austurvegji 2 / 800 Selfoss / Sími 480 1900 / Fax 480 1901

Þessi tölvupóstur og/éða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/éða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr.47. gr laga nr. 81/2003 um fjarskipti.



veitilan fyrir alla

Samkomulag um aðgang að sundstöðum Árborgar

Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029, (SÁ) og Flóahreppur, kt. 600606-1310 gera með sér eftirfarandi samkomulag um aðgang að sundstöðum Árborgar fyrir íbúa með lögheimili í Flóahreppi, þ.e. börn og ungmenni á aldrinum 10-17 ára og eldri borgara (67 ára og eldri):

1. gr.

Börn og ungmenni á aldrinum 10-17 ára og eldri borgarar (67 ára og eldri) sem hafa lögheimili í Flóahreppi fá aðgang að sundstöðum Árborgar á Selfossi og Stokkseyri með sömu skilmálum og ef þeir væru með lögheimili í Árborg, þ.e. aðgang án endurgjalds. Sama gildir um öryrkja og þá sem þiggja atvinnuleysisbætur. Samningur þessi tekur ekki til aðgangs að líkamsræktarstöð í Sundhöll Selfoss sem rekin er af einkaaðilum.

2. gr.

Með vísan til 2.mgr. 92.gr. svstjl. eru báðir aðilar sammála um að fyrirkomulagið verði eftirfarandi:

- Flóahreppur afhendir Árborg lista í upphafi hvers árs með nöfnum barna- og ungmenna á aldrinum 10-17 ára og íbúa sem eru 67 ára og eldri með lögheimili í Flóahreppi.
- Við fyrstu heimsókn þeirra sem á listanum eru í Sundhöll Selfoss eru auðkenni skráð í aðgangskerfi Sundhallarinnar og geta þeir sem skráðir eru í kerfið nýtt sér rafrænt aðgangsstýringarkerfi eftir skráningu. Slíkt kerfi er ekki fyrir hendi í sundlaug Stokkseyrar, en þar gefa gestir upp nafn og heimilisfang í afgreiðslu til að fá aðgang án endurgjalds
- Tengiliður Flóahrepps er sveitastjóri og tengiliður Árborgar er forstöðumaður Sundhallar Selfoss og hafa þeir reglulegt samráð um framkvæmd samkomulagsins
- Ákvarðanir um frekari útfærslu samkomulags þessa skulu teknar á samráðsfundum tengiliða.
- Greiðslufyrirkomulag fyrir þjónustuna er samkvæmt 3.gr. samkomulags þessa
- Gildistími er samkvæmt 4.gr. samkomulags þessa

3. gr.

Fyrir aðgang barna- og ungmenna og eldri borgara að sundstöðum Árborgar greiðir Flóahreppur árlega kr. 1.000.000. Gjaldið uppreiknast í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á gjaldskrá sundstaða Árborgar fyrir 30 miða kort. Samningur þessi tekur gildi frá 1. jan 2020.

Gjald skv. 1. mgr. 3. gr. er innheimt einu sinni á ári, í lok árs.

Aðilar eru sammála um að endurskoða árlegt gjald að hausti með hliðsjón af nýtingu þeirra sem undir samninginn falla.



4. gr.

Samkomulag þetta er ótímabundið og gildir frá 1.janúar 2020. Hvor aðili um sig getur sagt samkomulaginu upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Með gildistöku þessa samkomulags fellur úr gildi samkomulag undirritað 25.apríl 2018.

Selfossi, xx.nóv. 2020

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar

F.h. Flóahrepps